



Janúar 2023

HVATAÐBLAÐIÐ

ALDURSTAKMARK MIÐAST VIÐ ÞÁ
SEM VERÐA 18 ÁRA Á ÁRINU

ÞORRABLÓT

2023

Félagsheimilinu Borg
föstudaginn 27. janúar

HÚSIÐ OPNAR KL. 19:30
BORDHALD HEFST KL. 20:00.

Miðapantanir eru á netfangið
umfhvot@gmail.com eða í síma
480-5510 (Guðný) á opnunartíma
skrifstofu sveitarfélagsins

Miðaverð er kr. 9.900 og þarf að vera
búið að panta og greiða miða í síðasta
lagi mánudagskvöldið 23. janúar 2023

Vinsamlega leggið inn á reikning
0586-14-400930 kennitala 230994-2939
og sendið staðfestingu um greiðslu á
netfangið umfhvot@gmail.com

Glæsilegt þorrahlaðborð með öllum tilheyrandi
Steik og allskyns góðgæti fyrir "gikkina"
Vegan fyrir ennþá meiri gikki

ATH. Barinn er lokaður

Nefndin

KERHÓLSSKÓLI

FRÉTTIR FRÁ 5.-7.BEKK

HÆHÆ!

Við á miðstigi ætlum að segja
ykkur frá náminu okkar í vetur. Við
skiptumst öll á að skrifa þetta
fréttabréf og segja frá því sem
okkur fannst skemmtilegast í
haust.

Á þessu skólaári höfum við verið
mikið í samþættum lotum hjá
umsjónarkennurum okkar, Helgu og
Rebekku. Frá byrjun skólaársins
alveg þar til í október vorum við í
Hver er ég? lotunni. Við vorum að
læra um sjálfsmyndina, næringu
og heilsu, kynfræðslu, um fordóma
og fleira. Við gerðum hlaðvarp um
mikilvægi góðrar næringar og við
gerðum StopMotion verkefni um
lífsferil barns. Við enduðum á að
taka Kahoot könnun um lotuna.



Í íslenskutímum erum við oftast að
læra á stöðvum. Íslenskustöðvar
virka þannig að það eru 4 stöðvar.
Það eru þrír í hóp og tveir í einum
hóp. Stöðvarnar eru hlustun, ritun,
lesskilningur og orðaveggur. Við
förum alltaf á tvær stöðvar í
hverjum íslenskutíma. Við lesum
líka hjá kennara og í yndislestri.

Við höfum líka verið að læra að
forrita. Við höfum forritað í Scratch
og líka með robotinn Sphero. Við
fengum heimsókn frá Skema þar
sem við fengum að læra meir í
forritun.

Eftir lotuna okkar Hver er ég? byrjuðum við í trúarbragðafræðilotu. Þar var okkur skipt í hópa og við áttum að gerast sérfræðingar í einu trúarbragði. Við fundum upplýsingar í bókum og á netinu og kynntum við fyrir hvert öðru með púslaðferð. Við lærðum mjög margt um trúarbrögð. Trúarbrögðin sem við unnum með voru Ásatrú, Gyðingdómur, Kristni, Hindúismi og Islam.


Við á miðstigi höldum smíðjudaga með öðrum skólum í vetur. Í september fórum við á Laugarvatn. Við hittum krakka frá Bláskógaskóla Laugarvatni og Reykholti. Við fórum í Fontana. Eftir sunnið fórum við í ratleik og borðuðum hamborgara í eldaskálanum.

Í vetur höfum við farið í Snillistund einu sinni í viku. Í Snillistund eigum við að vinna það sem við viljum vinna. Það eru bara 3 reglur í Snillistund

- 1) þú verður að rannsaka eða læra um eitthvað.
- 2) þú verður að búa eitthvað til.
- 3) þú verður að kynna vinnuna fyrir öðrum.

Okkur finnst gaman í Snillistund, sumum finnst meira að segja Snillistund skemmtilegasta fagið.

Í vetur höfum við líka verið í leiklist. Við förum í marga skemmtilega leiki, æfum okkur á sviði og svo höfum við líka verið að æfa leikritið okkar sem við ætlum að setja upp á árshátíð Kerhólsskóla. Við ætlum að sýna leikritið Grease. Við í 5.-7.bekk höfum verið að æfa okkur í að læra línurnar okkar og við í skólanum syngjum oft Grease lögin saman.




Það sem okkur fannst skemmtilegast er þegar við gistum í skólanum um miðjan nóvember. Við höfðum safnað okkur fyrir því hjá umsjónarkennurum því við höfðum lesið 180 sinnum heima og fengið 30 stjörnur fyrir að vera jákvæð og bera virðingu fyrir hvert öðru. Það sem við gerðum þann dag er að við byrjuðum klukkan 17.00, þá mættu allir með dýnu og sæng eða svefnpoka og smá nammi og snakk. Kennararnir gistu með okkur (Rebekka og Helga). Foreldrar sem eru bekkjartenglar gerðu mat handa okkur og gerðu Kahoot og svo borðuðum við tortillur með hakki. Að því loknu fórum við í myrkvafeluleik í öllum skólanum. Eftir það kveiktum við á myndinni Grinch og allir horfðu. Svo fóru allir að sofa. Næsta morgun fengum við morgunmat í skólanum og eftir það byrjaði skólinn og það var jólaaskreytingadagur.

Í desember gerðum við ýmislegt tengt jólinum. Við fórum t.d. á jólastöðvar sem voru samtals fjórar og þær voru konfektgerð, Tarzanleikur í íþróttahúsinu, jólaföndur og jólasurningakeppni. Á konfektstöðinni var allskonar í boði, t.d. að skreyta piparkökur og piparkökuhús, súkkulaðibakka og nammisaltkringlur. Á föndurstöðinni fengum við að föndra fullt af jólastraumi og jólagjöfum fyrir fjölskyldu og vini. Við kepptum líka í Jólahurðakeppni Kerhólsskóla og við á miðstigi gerðum Vetrarland fyrir framan stofuna okkar. Önnin hefur verið viðburðarík hjá okkur og við vonum að þið hafið haft gaman af bréfinu.

Kær kveðja frá miðstigi,
 Andri Fannar, Arndís Þórleif, Harpa, Ingileifur Áki,
 Joseph, Karólína, Kjartan, Thelma Sif, Tinna Sif,
 Týmur og Þórhildur Salka







FRÉTTAMOLAR FRÁ LANDSVIRKJUN Á SOGSSVÆÐI

Fjölbreytt verkefni við þrjár aflstöðvar

Við hjá Landsvirkjun rekum þrjár aflstöðvar á Sogssvæði; Írafossstöð, Ljósafofsstöð og Steingrímsstöð, en starfsfólk stöðvanna þriggja telur um 15 stöðugildi. Stöðvarstjóri er Matthildur María Guðmundsdóttir og er hún nú í barneignarleyfi, en starfandi stöðvarstjóri í hennar stað er Ingólfur Örn Jónsson.

Verkefni starfsfólks eru fjölbreytt og þar má nefna viðhald, endurbætur, almennan rekstur og ræstingar. Auk þess vinna við stöðina matráður sem verktaki og ræstingarnar frá Dögum.

Aðrir verktakar eru einnig fengnir til margvíslegra verkefna á svæðinu, ýmist í samvinnu við starfsfólk okkar eða önnur verkefni, og reynum við að horfa til nársamfélagsins í þeim efnum.



Ljósafofsstöð

Vatnsaflsstöð

16 MW

105 GWst/ár

Þrátt fyrir að Sogsstöðvar séu ekki stórar í megavöttum talið eru þær mikilvægar fyrir samfélagið og orkuöryggi á Suðurlandi. Ljósafofsstöð, elsta stöðin á svæðinu, hóf rekstur árið 1937. Við gangsetningu stöðvarinnar fjórfaldaðist framboð rafmagns á höfuðborgarsvæðinu. Við það skapaðist möguleiki á að nota rafmagnseldavélur í stað kolavéla. Til þess að auka nýtingu á raforku frá Ljósafofsstöð gátu heimilín fengið eldavél frá Rafha í áskrift með rafmagninu.



Írafossstöð var gangsett 1953. Hún var fyrsta neðanjarðarstöðin á Íslandi og stærsta vatnsaflsstöðin þar til að Búrfellsstöð var tekin í gagnið árið 1970.

Írafossstöð

Vatnsaflsstöð

48 MW

236 GWst/ár



Steingrímsstöð er svo yngst Sogsstöðvanna þriggja, en rekstur hennar hófst 1959.

Steingrímsstöð

Vatnsaflsstöð

27 MW

122 GWst/ár

Samfélagsstefna Landsvirkjunar tók gildi í febrúarmánuði síðastliðnum. Í stefnunni kemur fram að við leggjum áherslu á að miðla þekkingu um starfsemi fyrirtækisins með fjölbreyttum hætti og eru þessir fréttamolar liður í því. Stefnuna í heild sinni má finna á vef Landsvirkjunar, landsvirkjun.is.

Gestastofa okkar í Ljósafossi hefur verið opin allt árið. Opíð var alla daga í sumar, en alla daga nema mánudaga í haust. Í sumar heimsóttu gestastofuna nærri fimm þúsund gestir af mörgum þjóðernum. Flestir gestanna komu frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Frakklandi. Íslendingar voru um helmingur gesta. Gestastofan verður lokað frá áramótum og er stefnt á að hún verði opnuð um miðjan maí 2023.

Á hverju ári eru ráðin ungmenni í sumarstörf á aflstöðvar Landsvirkjunar. Að þessu sinni voru ráðin 36 ungmenni á aldrinum 16-20 ára og þrír verkstjórar, en við erum sérstaklega ánægð með að geta veitt ungmennum úr nærsamfélagi sumarstörf. Ungmennin sinna mikilvægum störfum við umsjón starfssvæðisins, en að auki unnu þau í sumar þrjú „Margar hendur vinna létt verk“-verkefni. Þá má nefna að tveir iðnnemar og einn háskólanemi gegndu sumarstörfum hjá okkur í ár.

Við leggjum mikla áherslu á að orkufyrirtæki þjóðarinnar sé góður granni. Þess vegna höfum við og nágrannar okkar í Soginu, Útillfsmiðstöð skáta á Útlífjótuvatni, ákveðið að halda samstarfi okkar áfram næstu fimm árin. Sem fyrr verður megináherslan á betri framtíð með aukinni sjálfbærni. Í samkomulaginu felst að fyrirtækið leggur til ýmsa aðstöðu og aðgang að fræðslu orkusýningarinnar í Ljósafossstöð. Skátarnir skipuleggja fræðslu um orkumál fyrir íslenska nemendur og erlenda skáta, auk ýmissa tækifæra til útivistar í samstarfi við Landsvirkjun.

Við óskum ykkur gleðilegs nýs árs og þökkum fyrir samskiptin á nýliðnu ári.



Í átt að hringrásarhagkerfi

Nú um áramótin tóku gildi ný lög um meðhöndlun úrgangs, en þeim er ætlað að stuðla að hringrásarhagkerfi og draga úr myndun úrgangs. Grímsnes- og Grafningsshreppur hefur á undanförunum árum stigið mörg af þeim skrefum sem kveðið er á um í lögunum, en þar má til dæmis nefna sérsöfnun á fjórum úrgangsflokkum frá öllum heimilum og öflugar grenndarstöðvar sem taka við flokkuðum heimilisúrgangi.



Ein af meginstöðum laganna er síðan svokallað „Borgað þegar hent er“ kerfi, en kerfið byggir á því að borgað sé í samræmi við magn og gerð þess úrgangs sem hent er. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur undanfarið ár leitt vinnu við að hjálpa sveitarfélögunum að takast á við þessa áskorun, en Sambandið stóð meðal annars fyrir hraðli sem hafði það að markmiði að innleiða kerfið fyrir íbúðarhús á 12 vikum í tveimur sveitarfélögum. Grímsnes- og Grafningsshreppi var boðið að taka þátt í því verkefni ásamt Ísafjarðarbæ, og er gaman að segja frá því að verkefnið tókst með eindæmum vel og skapaði dýrmæta reynslu fyrir þá sem að málaflokknum standa til þess að innleiða kerfið á landsvísi. Niðurstaðan varð sú að innheimta eftir svokallaðri rúmmálsleið, en hún byggir á því að innheimt er í samræmi við tunnustærð, fjölda og tíðni tæminga.

Helsta breytingin sem íbúar og fasteignaeigendur koma til með að verða varir við er breyting á sorpgjöldunum sem innheimt eru samhliða fasteignagjöldunum. Tekin var í notkun ný gjaldskrá sem endurspeglar betur í hvað gjöldin eru að fara og býður þannig upp á meira gagnsæi. Í stað sorpeyðingargjalda koma gjöld vegna reksturs gáma- og grenndarstöðva, ásamt því að gjöldum fyrir tunnueiningar hefur verið skipt upp og verður nú rukkað fyrir hverja tunnu fyrir sig. Þá gerir kerfið einnig ráð fyrir því að hægt verði að innheimta eftir vigt í framtíðinni.

Það er ánægjulegt að þrátt fyrir þessa lagasetningu, þá verður umtalsvert minni hækkun á gjöldum í málaflokknum hjá okkur en í flestum öðrum sveitarfélögum. Það má fyrst og fremst rekja til þess hversu vel hefur gengið við að auka flokkun og draga úr myndun úrgangs.

Vonandi höldum við áfram á sömu braut, höldum áfram að bæta flokkunina og tökumst á við nýjar áskoranir í úrgangsmálum saman.

Steinar Sigurjónsson

Umsjónarmaður umhverfismála í Grímsnes- og Grafningshreppi



Fyrirlestur með **Halldóru Skúladóttur**, markþjálfara og breytingaskeiðsráðgjafa

fimmtudaginn 26. jan. kl. 20-22 í Félagsheimilinu á Flúðum
þessu má engin kona missa af!

GRUNNUR AÐ GÓÐU BREYTINGASKEIÐI

AÐGANGUR
ÓKEYPIS

Breytingaskeiðið er meira en bara hitakóf og pirringur, margar konur finna fyrir lífshamlandi einkennum sem geta haft áhrif á sambönd, atvinnu, afkomu og framtíðarheilsu. Þær upplifa sig einar og fá oft lítinn skilning eða stuðning. Halldóra mun kafa ofan í allt sem tengist þessu óumflýjanlega skeiði í lífi allra kvenna sem lítið hefur mátt tala um - hvernig hormónarnir virka, hlutverk þeirra og afleiðingar þegar þeir hverfa.



HVAÐ ER TIL RÁÐA? HVERNIG GETUM VIÐ STUÐLAÐ AÐ BETRI LÍFSGÆÐUM FYRIR OKKUR ALLAR?

- Fyrirlesturinn er í boði Kvenfélaga Biskupstungna, Gnúpverja, Grímsneshrepps, Hrunamannahrepps, Laugdæla og Skeiðahrepps.

FREKARI UPPLÝSINGAR UM HALLDÓRU OG BREYTINGASKEIÐIÐ Á KVENNARAD.IS



Nú þegar nýtt ár er gengið í garð tekur við nýtt þema hjá heilsueflandi samfélagi hér í sveitarfélaginu. Þema þessa árs er **heilbrigðir lifnaðarhættir og sjálfbærni**.

Heilbrigðir lifnaðarhættir og sjálfbærni er eitthvað sem allir ættu að reyna að tileinka sér og við munum gera okkar besta til að hvetja fólk áfram og finna leiðir til að gera fólki það auðveldara. Á næstu vikum munu íbúar fá tækifæri til að koma sínum hugmyndum og ábendingum varðandi þetta þema á framfæri.

Samhliða þessu þema ætlar sveitarfélagið að fara í þá vinnu að innleiða heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og mun bjóða íbúum sveitarfélagsins að taka þátt í og hafa áhrif á þá vinnu.

Að lokum langar okkur að minna félagasamtök á lýðheilsusjóð heilsueflandi samfélags en þar er hægt að sækja um styrki fyrir heilsueflandi viðburðum sem haldnir eru í sveitarfélaginu.

Gleðilegt nýtt ár!



Fimmtudaginn 5. janúar 2023 hefst námskeið hjá Slitgigtarskóla Þórfríðar.

Námskeiðið byggir á sértækri þjálfun og fræðslu fyrir einstaklinga með einkenni frá mjaðmasvæði og hnjám.

Æft verður á mánudögum og fimmtudögum klukkan
10:00-11:00 í Íþróttahúsinu á Borg í Grímsnesi

Kennari er Þórfríður, löggildur sjúkraþjálfari

Námskeiðið er í 8 vikur

Síðustu námskeið hafa sýnt góðan árangur þátttakenda. Allir bættu styrk sinn og gönguhraða og voru með minni verki í hnjám og/eða mjöðmum. Einnig upplifðu margir aukið sjálfstraust í hreyfingum og juku virkni sína í daglegu lífi.

Það sem þátttakendum fannst helsti kosturinn við námskeiðið var góð fræðsla og mikilvægi þess að leiðbeina sér í æfingum. Einnig að mæta í hóptíma þar sem allir eru að fást við svipaða verki gaf þeim aukinn hvata til þess að styrkja sig og mæta í tíma.



Skráning í síma **8475005**.

Einnig er ég á facebook undir nafninu **slitgigtarskóli Þórfríðar**



OPNUNARTÍMI FRÁ 1. SEPTEMBER 2022
MÁNUDAGA TIL LAUGARDAGA 10:00 - 18:00
SUNNUDAGA 12:00 - 16:00
SÍMI: 551 7509





**Tökum að okkur
STÓR og smá verk:**
jarðvinnu - tætingu -
snjómokstur -
bílaflutninga,
jarðheflun &
fólksflutninga.

Feðgaverk

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com

Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps

Opnunartímar

Mánudaga – 15:00 til 17:00

Þriðjudaga – 15:00 til 17:00

Miðvikudaga – 10:00 til 12:00



Kvöldopnun:

Fimmtudagur 12. janúar frá 19:30 til 21:30

Fimmtudagur 19. janúar frá 19:30 til 21:30

Gjaldskrá bókasafnsins árið 2023

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.


Millisafnalán, fyrir hvert safngagn	1.000 kr.
-------------------------------------	-----------

Ljósritun og prentun á A4 blaði	30 kr.
---------------------------------	--------

Ljósritun á A3 blaði og litprentun	50 kr.
------------------------------------	--------

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útláns gagn glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Saumakompan



TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



Sveitarstjórn 537. fundur 07. desember 2022
kl. 09:00–12:40 Stjórnsýsluhúsinu Borg

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Iðja Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðja Marsibil Jónsdóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða.

a) **Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2023.**

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 3. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. nóvember 2022.

Lögð fram fundargerð 3. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 8. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 3. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. nóvember 2022.

Mál nr. 7 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 3. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 14. nóvember 2022.

Mál nr. 7, Erindi um vegstyrk.

Fyrir liggur erindi frá félagi sumarbústaðaeigenda í landi Villingavatns vegna umsóknar um vegstyrk. Umsóknin barst eftir að umsóknarfrestur rann út. Sveitarstjórn hafnar erindinu samhljóða og vísar til reglna um styrki vegna veghalds í frístundabyggingum í Grímsnes- og Grafningshreppi en þar segir að tímabil styrkveitinga skuli vera frá 16. september til 15. september og enn fremur kemur þar fram að umsóknir skulu berast skrifstofu sveitarfélagsins í síðasta lagi 15. september.

c) Fundargerð 250. fundar skipulagsnefndar UTU, 23. nóvember 2022.

Mál nr. 20, 21, 22 og 25 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 250. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 23. nóvember 2022.

Mál nr. 20, Minni-Borg 2 L226996; Stofnun lóðar – 2211040.

Fyrir liggur umsókn frá Presti Sigurjónssyni er varðar stofnun lóðar úr landi Minni-Borgar 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn og samþykkir erindið samhljóða. Lögð er áhersla á að skilgreind aðkoma að landinu sé í samræmi við gildandi deiliskipulagsáætlun aðliggjandi lands. Komi til beiðni um breytingu á landnotkun viðkomandi lands verði aðkoma að svæðinu metin að nýju innan ofangreindra skipulagsáætlana og hugsanlegs framtíðar skipulags fyrir svæðið.

Mál nr. 21, Kiðjaberg (L168257); umsókn um byggingarheimild; gestahús – 2211022.

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Gunnlaugssonar fyrir hönd Kiðjaberg ehf., móttækin 06.11.2022 um byggingarheimild fyrir 39,7 m² gestahús á jörðinni Kiðjaberg lóð (L168257) í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða umsókn um byggingarleyfi með fyrirvara um að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi við Kiðjaberg þar sem verði gert grein fyrir uppbyggingu viðkomandi starfsmannahúss. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2.mgr 43.gr skipulagslaga. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 22, Athafnasvæði við Sólheimaveg; Deiliskipulag – 2204019.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg eftir auglýsingu. Skipulagssvæðið skiptist upp í 52 lóðir og gilda sérskilmálar fyrir hverja lóð. Gert er ráð fyrir heimild fyrir hreinlegan léttan iðnað og athafnastarfsemi á svæðinu. Skipulagssvæðinu mun verða skipt upp í framkvæmdaráfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu á 15 lóðum, 11 í öðrum áfanga, 13 í þriðja og 12 í fjórða. Lóðir eru á bilinu 1.575 m² til 2.400 m². Umsagnir og athugasemdir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að unnin verði skráning fornleifa fyrir svæðið í takt við umsögn Minjastofnunar. Einnig samþykkir sveitarstjórn að skilgreind verði aðkoma að landi Minni-Borgar 2 í takt við athugasemd þess efnis og að aðkoman verði um veg sem er skilgreindur nyrst á skipulagssvæðinu fram hjá lóð fyrir grenndargáma.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til skráning fornleifa hefur farið fram.

Mál nr. 25, Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22 – 174 – 2211002F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-174 lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð NOS stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., 24. nóvember 2022.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð NOS stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. sem haldinn var 24. nóvember 2022.

Mál nr. 1, Staða Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða útgöngu Hveragerðisbæjar og Sveitarfélagsins Ölfuss úr Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. Útgangan miðast við í síðasta lagi 1. mars 2023 og að öll aðildarsveitarfélög hafi komist að samkomulagi um eignir, skuldir og yfirfærslu á málum sem eru í vinnslu hjá skóla- og velferðarþjónustu sem og öðru er leysa þarf úr fyrir útgöngu sveitarfélaganna.

e) Fundargerð aðalfundar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs., 24. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 57. fundar Skólaþjónustu og velferðarnefndar, 9. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 58. fundar Skólaþjónustu og velferðarnefndar, 16. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð aðalfundar Sorpsstöðvar Suðurlands, 28. október 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 315. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 21. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 222. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 11. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 589. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 4. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 53. fundar Samtaka orkusveitarfélaga, 11. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð aðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga, 11. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð 21. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis, 25. október 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 915. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 25. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Næstu fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verði þann 19. desember kl. 9:00 nk. í stað 21. desember. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að fella niður fyrri fund sveitarstjórnar í janúar og verður því fyrsti fundur sveitarstjórnar á árinu 2023 þann 18. janúar 2023.

3. Fjárhagsáætlun Grímsnes- og Grafningshrepps vegna ársins 2023, síðari umræða.

Gert er ráð fyrir lántökum vegna fjárfestinga að einhverju leyti á árunum 2023-2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárin 2023-2026.

4. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lögð fram til fyrri umræðu drög að breytingum á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Málinu vísað til seinni umræðu.

	2023	2024	2025	2026
Tekjur	1.459.644	1.507.443	1.568.630	1.631.657
Gjöld	1.223.605	1.272.140	1.330.478	1.374.264
Fjármagnsgjöld	(84.617)	(93.332)	(78.569)	(72.635)
Rekstrarafgangur	44.074	11.055	24.732	51.469
Eignir	2.984.706	2.990.908	2.927.674	2.872.592
Skuldir	1.577.494	1.572.641	1.484.675	1.378.124
Eigið fé	1.407.212	1.418.267	1.442.999	1.494.468
Fjárfestingar	1.182.000	166.400	94.390	60.890

5. Ártangi L168272; Stofnun lóðar og nýtt staðfang; framkvæmdaleyfi vegna vegtengingar.

Lagt er fram lóðarblað vegna stofnunar lóðar úr upprunalandi Ártanga, L168272. Stofnun lóðar byggir á samþykktri breytingu á deiliskipulagi Ártanga sem birt var í B-deild stjórnartíðinda 29. desember 2021. Skipulagsfulltrúi óskar eftir samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps vegna staðfangs lóðarinnar sem ekki er tilgreint innan deiliskipulags. Lagt er til að lóðin fái staðfangið Vaðholt 1 í samræmi við framlagt lóðarblað.

Samhliða er lögð fram fyrirspurn er varðar nýja vegtengingu að lóðinni í takt við gildandi deiliskipulag ásamt umsögn Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps gerir ekki athugasemdir við umsótt staðfang lóðarinnar og mælist til þess að hún verði stofnuð á grundvelli gildandi deiliskipulags. Sveitarstjórn gerir jafnframt ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn er varðar nýja vegtengingu að lóðinni og mælist til þess að skipulagsfulltrúi gefi út framkvæmdaleyfi á grundvelli fyrirspurnar. Skipulagsfulltrúa er falið að gera umsækjanda grein fyrir álögðum gjöldum vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

6. Erindi frá Hjálparveitinni Tintron – Ósk um umsögn og leyfi vegna brennu og flugeldasýningar.

Fyrir liggur beiðni frá Hjálparveitinni Tintron um umsögn og leyfi vegna brennu og flugeldasýningar á Borg þann 31. desember n.k.

Sveitarstjórn samþykkir að veita brennu- og skoteldaleyfi og felur sveitarstjóra að klára málið.

7. Erindi frá Hjálparveitinni Tintron – Ósk um framlag til endurbóta húsnæðis.

Fyrir liggur greinargerð frá Hjálparveitinni Tintron um framkvæmdir á aðstöðuhúsi ásamt beiðni um fjárframlag frá sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að ræða við formann Hjálparveitarinnar.

8. Ársskýrsla Héraðsskjalasafns Árnesinga.

Lögð fram til kynningar.

9. Erindi frá ADHD samtökunum.

Fyrir liggur bréf frá ADHD samtökunum, dagsett 16. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir styrk allt að fjárhæð kr. 500.000 vegna reksturs samtakanna.

Sveitarstjórn hafnar samhljóða styrkbeiðninni og felur skólanefnd að taka erindið til skoðunar með tilliti til fræðslu eða samstarfs af einhverju tagi.

10. Erindi frá foreldrafélagi Kerhólsskóla.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla að fjárhæð kr. 250.000 vegna ýmissa viðburða haustið 2022.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

Dagný Davíðsdóttir formaður foreldrafélagsins vék af fundi undir þessum lið.

11. Bréf frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Lagt fram til kynningar bréf frá Lilju Katrínu Ólafsdóttur, lögfræðingi hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu, dagsett 22. nóvember 2022. Efni erindisins er tilkynning um mögulega afturköllun staðfestingar mennta- og barnamálaráðherra á reglum um innritun og útskrift nemenda vegna sérdeildar Suðurlands. Oddviti fór munnlega yfir það að erindið hefur nú þegar fengið umfjöllun innan stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu þar sem Óskari Sigurðssyni hrl. var falið að svara erindinu fyrir hönd byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. og aðildarsveitarfélaganna.

12. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 229/2022, „Grænbók um sveitarstjórnarmál“.

Lagt fram til kynningar, oddvita og sveitarstjóra falið að senda inn umsögn í takti við umræður á fundinum.

13. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis kynnir til samráðs mál nr.

231/2022, „Tillaga að þingsályktun um úttekt á tryggingavernd í kjölfar náttúruhamfara“.

Lagt fram til kynningar.

14. Mennta- og barnamálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 232/2022, „Aðalnámskrá leikskóla endurskoðun kafla 7-10“.

Lagt fram til kynningar.

15. Önnur mál.

a) Álagning gjalda og gjaldskrárbreytingar fyrir árið 2023.

Fyrir liggja tillögur að gjaldskrár og álagningu gjalda vegna ársins 2023.

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 var farið yfir hverja deild fyrir sig og hún skoðuð ítarlega með tilliti til þess hver áætlun var vegna 2022 og staða deildarinnar eftir 9 – 10 mánuði. Þessar forsendur voru svo aðlagðar aðstæðum.

Við mat á útsvarstekjum var stuðst við upplýsingar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, upplýsingar úr bókhaldi sveitarfélagsins og íbúðapróun.

Útsvarsprósenta er sú sama og árið 2022 eða 12,44%.

Fasteignaskattur er byggður á upplýsingum um álagningastofn frá Þjóðskrá Íslands og prufukeyrslu úr Fasteignaskrá. Álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki A, er 0,47% en lækkar í 0,46% fyrir árið 2023 og álagningarprósenta fasteignaskatts í flokki C verður óbreytt 1,65%. Að jafnaði eru hækkanir á gjaldskrár sveitarfélagsins í samræmi við verðlagsþróun.

Ekki eru áætlaðar tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

1. Útsvarshlutfall árið 2023 verði óbreytt 12,44%.

2. Fasteignaskattur A, 0,46% af fasteignamati á íbúðarhúsnæði, bílageymslur, geymsluhúsnæði, lönd og útihús í landbúnaði og frístundahús, allt með tilheyrandi lóðum.

Fasteignaskattur B, 1,32% af fasteignamati sjúkrastofnana skv. lögum um heilbrigðisþjónustu, skóla, heimavista, leikskóla, íþróttahúsa og bókasafna, að meðtöldum lóðum og lóðarréttindum.

Fasteignaskattur C, 1,65% af fasteignamati allra annarra fasteigna með tilheyrandi lóðum.

Afsláttur er af fasteignaskatti íbúðarhúsa til fasteignaeigenda sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar og eiga lögheimili í viðkomandi fasteign. Afsláttur er hlutfallslegur og miðast við tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali. Til tekna teljast bæði launatekjur og fjármagnstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

Tekjumörk vegna afsláttar ársins 2023 eru eftirfarandi:

Tekjur einstaklinga	Tekjur hjóna	Niðurfelling
Allt að 3.974.250	Allt að 5.979.750	100%
Milli 3.974.251 – 4.641.000	Milli 5.979.751 – 6.877.500	75%
Milli 4.641.001 – 5.302.500	Milli 6.877.501 – 7.791.000	50%
Milli 5.302.501 – 5.964.000	Milli 7.791.001 – 8.694.000	25%

Ekki verður veittur staðgreiðsluafsláttur af fasteignaskatti til fasteignaeigenda.

Fjöldi gjalddaga fasteignagjalda:

Fjárhæðir að 25.000 eru með einn gjalddaga 1. maí, 25.001-90.000 eru með 5 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. júlí og 90.001 og yfir verði með 8 gjalddögum með fyrsta gjalddaga 1. mars og síðasta 1. október.

3. Seyra,

Kostnaður við seyrureinsun verður kr. 14.691 á hvert íbúðarhús, frístundahús og fyrirtæki sem ber samkvæmt byggingarskilmálum að hafa rotþró eða vera tengt viðurkenndu fráveitukerfi. Beiðni um aukalosanir skulu ávallt fara í gegnum þjónustufulltrúa seyruverkefnis og sér Hrunamannahreppur um innheimtu gjalds vegna aukalosana fyrir hönd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 40.540,- ásamt kr. 550,- þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 96.850,- ásamt kr. 550,- þóknun fyrir hvern ekinn kílómetra.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins og verður það 0,27% af fasteignamati húss. Hámarksálagning verði kr. 54.300 kr. á íbúðarhús.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennslislagna frá lóðarmörkum við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera kr. 267.905,-.

4. Sorp.

Vegna þeirrar metnaðarfullu vinnu sem þegar hefur átt sér stað í sveitarfélaginu undanfarin ár, við innleiðingu hringrásarhagkerfisins og fyrir tilstuðlan aukinnar úrgangsflokkunar íbúa, frístundahúsaeigenda og annarra fasteignaeigenda, gerist ekki þörf fyrir sambærilegar hækkanir í þessum málaflokki og þeim sem verða á öðrum gjaldskrár sveitarfélagsins. Álagning vegna sorphirðu og meðhöndlunar úrgangs í sveitarfélaginu hækkar því töluvert minna en verðlag.

Heimilissorp frá íbúðarhúsnæði skal flokkað í fjóra flokka og er að lágmarki greitt gjald fyrir grunneiningu íláta.

Grunneiningin er samsetning fjögurra íláta: 240 lítra tunna undir blandaðan úrgang, 240 lítra tunna undir pappír og pappi, 240 lítra tunna undir plast og 240 lítra tunna undir lífúrgang.

Einungis er ein stærð í boði en hægt er að fá auka tunnur fyrir þá flokka sem þörf er á.

Ílátastærðir og verð fyrir íbúðarhús:

Blandaður úrgangur, tunna 240L	34.900,- kr.
Lífúrgangur, tunna 240L	9.900,- kr.
Pappi og pappír, tunna 240L	4.900,- kr.
Plast, tunna 240L	4.900,- kr.

Fastur kostnaður/rekstur grenndar- og gámastöðva/meðhöndlun úrgangs:

Gjald vegna reksturs gámasvæðis og annar fastur kostnaður 10.500,- kr. leggst á íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði.

Gjald vegna reksturs grenndarstöðva 13.500,- kr. leggst á frístundahúsnæði og það íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu íláta.

Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, fyrirtæki 34.900,- kr.

Gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli 13.510,- kr.

Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að innheimta breytingargjald vegna breytinga á skráningu íláta að fjárhæð kr. 3.500,-.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 4,5 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað fyrir íbúðarhúsnæði og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, lögbýli fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Allir fasteignaeigendur sem greiða bæði gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað og gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, fyrirtæki fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að gámastöð fyrir samtals 10 m³ á ári. Inneign færist ekki á milli ára.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi kr. 5.000,-.

Íbúðarhúsnæði sem ekki hefur grunneiningu greiðir gjald vegna reksturs grenndarstöðva til viðbótar við gjald vegna reksturs gámasvæðis og annan fastan kostnað.

Umframmagn er gjaldskýlt á móttökustöð, miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmir og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs. Móttökugjald á einn m³ 6.500,- kr.

5. Gjaldskrá vatnsveitu:

Vatnsgjald eigna í fasteignaskattsflokki A, lögbýli/einbýlishús, verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins.

Hámarksálagning verði kr. 50.000 á hverja eign/hús.

Vatnsgjald eigna í fasteignaskattsflokki A í skipulagðri frístundabyggð verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 65.000,- og lágmarksálagning verði kr. 35.000,- á hús.

Vatnsgjald eigna í fasteignaskattsflokki C verði 0,23% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Hámarksálagning verði kr. 170.000,- á hverja eign/hús.

Heimæðargjald vatnsveitu fylgir byggingarvísitölu í janúar ár hvert og er uppfært einu sinni á ári.

Þvermál rörs	Lágmarksgjald Verð pr.m.	umfram 30 m.
20 mm	480.000,- kr.	2.200,- kr.
25 mm	500.000,- kr.	2.600,- kr.
32 mm	540.000,- kr.	3.000,- kr.

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagnir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Grímsnes- og Grafningshrepps við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu. Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn.

Ef heimtaug er lengri en 30 metrar bætist við yfirlengdargjald á hvern metra. Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 32 mm er reiknað út hjá vatnsveitunni í hverju tilfelli fyrir sig.

Miðað er við að heimtaug í íbúðarhús sé 32 mm.

Tengigjöld fyrir lögbýli að meðtöldu einu íbúðarhúsi verða að lágmarki kr. 750.000 kr. en miðað er við allt að 200 m heimæð. Reikna þarf umframkostnað í hverju tilviki fyrir sig en landeigandi greiðir þann viðbótarkostnað sem hlýst af tengingu veitu að býli. Miðað er við að heimtaug sé 32 mm og semja verður sérstaklega um sverari heimtaugar.

Á þeim lóðum sem ekki hefur verið byggt á en hafa tengst vatni er innheimt fast árgjald kr. 35.000,-.

Fyrir nýskipulagða frístundabyggð og/eða landbúnaðarlóðir (L3) sem tengja skal vatnsveitu sveitarfélagsins skal landeigandi greiða kr. 100.000,- fyrir hverja lóð á skipulagi fyrir lagningu stofnlagnar.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 16.144 án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

6. Gjaldskrá hitaveitu:

Gjaldskrá hitaveitu hækkar um 15% og verður eftirfarandi.

gr. A, B, C, D og E-liður gjaldskrá hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps er þannig:

A. Hemlagjald (varmagjald):

Sumarbústaðir, snjóbræðslukerfi og notkun samkvæmt sérsamningum skal greiða fyrir hemlagjald. Lágmarksstilling er 3,0 l/mínútu.

Hemlagjald fyrir hvern mínútulíter á mánuði er kr. 3.340,-.

B. Rúmmetragjald skv. mæli:

Almennt íbúðar- og iðnaðarhúsnæði og gróðurhús skal greiða varmagjald.

Varmagjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 151,7.

Sumarbústaður sem er með mæli og greiðir skv. rúmmetragjaldi skal þó aldrei greiða minna en sem nemur 3,0 l/mínútu eða sem nemur kr. 10.019,- á mánuði, sbr. A-liður 5. gr.

Mælagjald á mánuði:

C1 Stærð mælis/hemils DN 15	1.520,- kr.
C2 Stærð mælis/hemils DN 20	2.174,- kr.
C3 Stærð mælis/hemils DN 25	2.685,- kr.
C4 Stærð mælis/hemils DN 32	3.204,- kr.
C5 Stærð mælis/hemils DN 40	3.720,- kr.
C6 Stærð mælis/hemils DN 50	5.091,- kr.

C Stofngjöld

Íbúðarhús allt að 300m³ og gróðurhús allt að 200m³ kr. 811.647,- og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 309,- kr/m³.

Vélageymslur og gripahús allt að 300m³ kr. 471.809,- og fyrir hvern rúmmeter/fermetra þar yfir skal greiða 309,- kr/m³.

Fyrir frístundahús er stofngjaldið kr. 811.647,-.

Gjald fyrir auka mælagrind er kr. 121.126,-.

Auk stofngjaldsins sem að framan greinir skal greiða kr. 6.077,- fyrir hvern lengdarmetra heimæðar frá stofnæð.

D. Önnur gjöld

Lokunargjald verður kr. 22.757,- og auka álestur kr. 10.709,-.

Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun sem reynist vera í búnaði húseiganda verði kr. 18.566,- án vsk. á dagvinnutíma en sé leitað eftir þjónustu utan dagvinnutíma reiknast 55% álag.

Hitaveita Grímsnes- og Grafningshrepps áskilur sér rétt til að beita viðurlögum við rofi á innsigli.

6. Lóðaleiga, verði óbreytt 1% af lóðamati.

7. Gatnagerðargjöld, verði óbreytt.

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Húsgerð	Hlutfall	Einingarverð/m² m.v. hámarksnýtingar hlutfall kr.*
Einbýlishús með bilgeymslu	8,5%	15.386,- kr.
Parhús með/án bilgeymslu	7,5%	13.575,- kr.
Raðhús með/án bilgeymslu	7,0%	12.670,- kr.
Fjölbýlishús með/án bilgeymslu	4,0%	7.240,- kr.
Verslunar-, þjónustu- og annað húsnæði	3,5%	6.335,- kr.
Iðnaðarhúsnæði	3,0%	5.430,- kr.
Hesthús	3,0%	5.430,- kr.
Gróðurhús o.fl. tengt landbúnaði	1,0%	1.810,- kr.

*Verð breytist með byggingarvísitölu, viðmið 580,2 stig í janúar 2013.

Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins (181.006,- kr./m², byggingarvísitala 580,2 stig fyrir janúar 2013).

8. Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvarinnar Borg, verði eftirfarandi:

Sund:

Fullorðnir	18-66 ára börn	10-17 ára
Stakt skipti	1.100,- kr.	500,- kr.
10 miða kort	6.500,- kr.	2.700,- kr.
30 miða kort	16.000,- kr.	7.000,- kr.
Árskort	37.000,- kr.	19.000,- kr.

Þreksalur:

Stakt skipti	1.600,- kr.
10 miða kort	11.500,- kr.
30 miða kort	22.500,- kr.
Árskort	37.000,- kr.

Íþróttasalur:

Fullorðinn – 60 mín.	1.600,- kr.
Barn – 60 mín.	800,- kr.
Hálfur dagur	12.500,- kr.
Heill dagur	22.500,- kr.
Sturta	750,- kr.
Leiga á sundfatnaði	750,- kr.
Leiga á handklæði	750,- kr.
Handklæði og sundföt	1.100,- kr.

Íbúum með lögheimili í sveitarfélaginu er boðið upp á að kaupa árskort í sund, þreksal og íþróttasal.

Fullorðnir, 18-66 ára	15.000,- kr.
Börn, 10-17 ára	6.000,- kr.

Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu geta leigt íþróttasalinn fyrir afmælisveislu barna sinna fyrir kr. 6.500,-.
Börn 0-9 ára, ellilífeyrisþegar og öryrkjar fá frítt í sund, þreksal og íþróttasal.

9. Gjaldskrá dagvistargjalda í leikskóladeild Kerhólsskóla:

Gjaldskrá dagvistunargjalda verður eftirfarandi:

4 klst. vistun	7.802,- kr.
4,5 klst. vistun	8.693,- kr.
5 klst. vistun	9.754,- kr.
5,5 klst. vistun	10.729,- kr.
6 klst. vistun	11.705,- kr.
6,5 klst. vistun	13.231,- kr.
7 klst. vistun	14.757,- kr.
7,5 klst. vistun	16.283,- kr.
8 klst. vistun	17.810,- kr.
8,5 klst. vistun	23.067,- kr.
9 klst. vistun	28.324,- kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur dagvistunargjalda er samtengdur systkinaafslætti frístundar.
 Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.
 Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

10. Gjaldskrá frístundar:

Gjaldskrá frístundar verður eftirfarandi:

Hver klukkustund 332,- kr.

Systkinaafsláttur er 25% fyrir annað barn, 50% afsláttur fyrir þriðja barn og 100% afsláttur fyrir fjórða barn. Systkinaafsláttur frístundar er samtengdur systkinaafslætti dagvistunargjalda.

Afsláttur einstæðra foreldra er 20%.

Afsláttur ef annað foreldri er í fullu námi er 20% en 40% ef báðir foreldrar eru í fullu námi.

11. Gjaldskrá mötuneytis:

Gjaldfrjálst er fyrir nemendur Kerhólsskóla og notendur frístundar í mötuneyti Kerhólsskóla. Jafnframt er gjaldfrjálst fyrir eldri borgara með lögheimili í sveitarfélaginu í mötuneyti Kerhólsskóla. Um gjald fyrir hádegismat starfsmanna fer samkvæmt skattmati á fæðishlunnindum hverju sinni.

Hádegisverður, kostgangara 1.350,- kr.

12. Gjaldskrá bókasafns:

Gjaldskrá bókasafns verður eftirfarandi:

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500,- kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

Millisafnalán, fyrir hvert safngagn 1.000,- kr.

Ljósritun og prentun á A4 blaði 30,- kr.

Ljósritun á A3 blaði og litprentun 50,- kr.

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlánsþing glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

Breytingar þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögur um álagningu gjalda og gjaldskrár-breytingar.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 12:40.



Styrktarreikningur
 sveitarinnar er:
 0586-26-456
 kt. 490487-1319



JØRGEN OLSEN

23 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR

Stórsöngvarinn og Eurovision sigurvearinn Jørgen Olsen verður með 23 ára afmælistónleika.

„Fly on the Wings of Love“


Tónleikarnir verða bóndadagshelgina föstudagskvöldið 20. janúar og laugardagskvöldið 21. janúar 2023.

Húsið opnar kl. 18:00 og fyrir tónleikana er boðið upp á þriggja rétta kvöldverð. Að auki verður í boði að kaupa gistingu með morgunverð á sérstöku Olsen tilboði.

Verð: 14.990 kr á mann.

Bókanir á vefsíðunni www.grimsborgir.is

Fyrirspurnir á info@grimsborgir.is eða í síma 555-7878





Sveitarstjórn 538. fundur 19. desember 2022
kl. 09:00–12:00 Stjórnsýsluhúsinu Borg

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Dagný Davíðsdóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir
- Iðla Marsibil Jónsdóttir sveitarstjóri

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Iðla Marsibil Jónsdóttir

Oddviti leitar afbrigða.

Samþykkt samhljóða.

a) Fundargerð 316. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 12. desember 2022.

1. Fundargerðir.

a) Fundargerð 4. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 28. nóvember 2022.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 4. fundar framkvæmda- og veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps sem haldinn var 28. nóvember 2022.

Mál nr. 4, Bundið slitlag á heimreiðar.

Fyrir liggja nokkrar beiðnir um lagningu bundins slitlags á heimreiðar. Á árinu 2022 hafði verið gert ráð fyrir greiðsluþátttöku við lagningu bundins slitlags á heimreiðarnar að Snæfoksstöðum og Kiðjabergi en ekki náðist að fara í þau verk.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að gert verði ráð fyrir greiðsluþátttöku við lagningu bundins slitlags á heimreiðarnar að Snæfoksstöðum og Kiðjabergi á árinu 2023. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að gert verði ráð fyrir greiðsluþátttöku við heimreiðina að Ormsstöðum/Ártanga á árinu 2023 og heimreiðarnar að Stóra-Hálsi og Bústjórabyggð á árinu 2024.

b) Fundargerð 2. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes og Grafningshrepps, 7. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 3. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 7. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 4. fundar atvinnu- og menningarnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 1. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. september 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 2. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. október 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 3. fundar lýðheilsu- og æskulýðsnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 3. fundar loftslags- og umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 1. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 4. fundar loftslags- og umhverfisnefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 1. fundar samráðshóps um málefni aldraðra í Grímsnes- og Grafningshreppi, 9. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 35. fundar fjallskilaneftndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

l) Fundargerð 23. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

m) Fundargerð 24. fundar ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps, 21. nóvember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

n) Fundargerð 4. fundar skólanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 6. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

o) Fundargerð 251. fundar skipulagsnefndar UTU, 14. desember 2022.

Mál nr. 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, 26 og 35 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram fundargerð 251. fundar skipulagsnefndar UTU sem haldinn var 14. desember 2022

Mál nr. 17, Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095; Safn, ferða- og þjónustuhús; Deiliskipulag 2107038.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi Laxabakki (áður Öndverðarnes 2 lóð) L170095 eftir auglýsingu. Málið var samþykkt til gildistöku á fundi

sveitarstjórnar þann 19.1.2022.

Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustu- og aðstöðuhúss sem ætlað er að þjóna þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni. Athugasemdir bárust við gildistöku deiliskipulagsins frá Skipulagsstofnun og eru þær athugasemdir ásamt uppfærðum gögnum fyrirbyggjandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 18. Lyngborgir 8 L219753; Fyrirspurn - 2212015.

Lögð er fram fyrirspurn frá Brynju Traustadóttur er varðar hestahald í frístundabyggð að Lyngborgum.

Sveitarstjórn vísar í skilmála nýs aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps er varðar búfjárhald innan frístundabyggðar en þar kemur fram undir almennum skilmálum að búfjárhald sé ekki heimilað innan frístundabyggðar. Gildandi deiliskipulag frístundabyggðar að Lyngborgum tekur ekki á heimildum vegna búfjárhalds en þar segir í skilmálum að óheimilt sé að girða hverja lóð fyrir sig af og að svæðið skuli afgirt með einni heildargirðingu því má vera ljóst að ekki er heimild fyrir búfjárhaldi innan svæðisins.

Mál nr. 19. Neðan-Sogsvegur 14 L169341; Fyrirspurn - 2211075.

Lögð er fram fyrirspurn frá Páli Gunnlaugssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi Norðurkots. Í breytingunni fælist að heimildir er varðar hámarksstærð aukahúsa á lóð verði felldar út úr skipulagi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps gerir ekki athugasemd við að lögð verði fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem tekur til heimilda er varðar aukahús á lóð í takt við heimildir nýs aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 20. Farbraut 26 L169581; Fyrirspurn - 2211074.

Lögð er fram fyrirspurn frá Bergi Haukssyni er varðar heimildir deiliskipulags vegna áætlaðra framkvæmda innan lóðar Farbrautar 26.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps mælist til þess að lóðarhafi láti vinna óverulega breytingu á uppdrætti skipulagsins þar sem heimild til að skipta lóðinni upp í tvær lóðir verði felld út og heildarbyggingarreitir lóðarinnar verði skilgreindur í takt við skráningu lóðarinnar.

Mál nr. 21. Hallkelshólar lóð 88 (L202621); umsókn um byggingarheimild; sumarbústaður – 2211048.

Fyrir liggur umsókn Guðjóns Þ. Sigfússonar fyrir hönd Almennu Múrþjónustunar ehf., móttékin 17.11.2022, um byggingarheimild fyrir 63,9 m² sumarbústað á sumarbústaðalandinu Hallkelshólar lóð 88 L202621 í Grímsnes - og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar verði málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 22. Hraunkot; Fjölgun lóða og breytt stærð húsa; Deiliskipulagsbreyting – 2205021.

Lögð er fram tillaga deiliskipulags frá Sjómannadagsráði er varðar deiliskipulag frístundasvæðis í Hraunkoti eftir kynningu. Málið var kynnt sem breyting á deiliskipulagi. Eftir kynningu var tekin ákvörðun um að leggja fram tillögu sem tekur til heildarendurskoðunar á deiliskipulagi svæðisins.

Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Í breytingunni felst meðal annars fjölgun lóða. Stærðum aðal húss og geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag, A og B, en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði. Umsagnir og athugasemdir bárust á kynningartíma málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og samantekt á viðbrögðum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur fyrir gerð deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins. Brugðist hefur verið við athugasemdum sem bárust vegna kynningar málsins með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna. Þeim sem athugasemdir gerðu við kynningu málsins verði send uppfærð gögn til yfirferðar við auglýsingu.

Mál nr. 23. Úlfjótssvatn L170830; Frístundabyggð; Skilgreining lóða og byggingarreita; Heildarendurskoðun deiliskipulags – 2202007

Lögð er fram deiliskipulagstillaga sem tekur til frístundabyggðar við Úlfjótssvatn L170830 eftir auglýsingu. Í dag er í gildi deiliskipulagsuppdráttur, deiliskipulag frístundabyggðar við Úlfjótssvatn, dagsettur 16.6.1993. Í því skipulagi var gert ráð fyrir alls 26 húsum, 25 sumarhúsum og svo Úlfjótsskála sem áður var þjónustumiðstöð. Við gildistöku þessa skipulags fellur úr gildi eldra skipulag og uppdrættir. Í nýrri skipulagstillögu eru 26 frístundahús og svo Úlfjótsskáli eða samtals 27 byggingar. Húsum fjölgar því aðeins um eitt en heimilað byggingarmagn innan svæðisins eykst í takt við uppfærðar byggingarheimildir. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagstillögunnar og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og samantekt andsvara.

Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagstillagan verði auglýst á nýjan leik vegna þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á gögnunum eftir auglýsingu. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 líkt og um nýtt deiliskipulag sé að ræða. Uppfærð gögn verði sérstaklega send þeim aðilum sem athugasemdir gerðu við skipulagstillöguna.

Mál nr. 24. Bíldsfell III L170818; Deiliskipulag - 2204008.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Bíldsfells III eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 5 lóða og byggingarreita þar sem m.a. er gert ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa, gestahúsa og útihúsa. Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess ásamt fornleifaskráningu og uppfærðum skipulagsgögnum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Brugðist hefur verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ása Valdis Árnadóttir vék af fundi undir þessum lið.

Mál nr. 25. Nesjar; Illagil 17 L209154 og Illagil 19 L209155; Breytt stærð lóða; Deiliskipulagsbreyting – 2212051.

Lögð er fram umsókn frá Ágústi Sverri Egilssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi vegna lóða Illagils 17 og 19. Í breytingunni felst breytt lega lóðarmark og byggingarreita.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagðar breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum aðliggjandi lóða.

Mál nr. 26, Lyngdalur L168232; Nytjaskógrækt; Framkvæmdaleyfi – 2212054.

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á jörð Lyngdals L168232. Í framkvæmdinni felst skógrækt á um 42 ha svæði í takt við framlagða umsókn.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Málið verði grenndarkynnt eigendum aðliggjandi jarða en telur að skilyrðum um grenndarkynningu gagnvart Björk I sé fullnægt.

Mál nr. 35., Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22 – 175 – 2212001F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-175 lögð fram til kynningar.

p) Fundargerð 223. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, 2. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

q) Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs., 28. október 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

r) Fundargerð 6. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga, 8. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

s) Fundargerð 588. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 26. október 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

t) Fundargerð 590. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 2. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

u) Fundargerð aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, 27.-28. október 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

v) Fundargerð 3. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, 6. desember 2022.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. Bókun sveitarstjórnar um samstarfsverkefni og byggðasamlög vegna fjárhagsáætlunar fyrir árin 2023-2026.

Með breytingu sem gerð var á reglugerð nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlunir og ársreikninga sveitarfélaga á árinu 2021, þurfa sveitarfélög nú að færa í samantekin reikningsskil sín, sem og fjárhagsáætlanir, hlutdeild sína í byggðasamlögum, sameignarfélögum, sameignarfyrirtækjum og öðrum félögum með ótakmarkaðri ábyrgð.

Í tilviki Grímsnes- og Grafningsshrepps á þetta við um eftirtalin samrekstrarverkefni:

- Bergisinn bs.
- Brunavarnir Árnessýslu
- Héraðsnefnd Árnesinga bs.
- Byggðasafn Árnesinga
- Listasafn Árnesinga
- Héraðsskjalasafn Árnesinga
- Tónlistarskóli Árnesinga
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands bs.
- Umhverfis- og Tæknisvið uppsveita bs.
- Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.

Áætlunir framangreindra rekstrareininga fyrir árin 2023 til 2026 um efnahag og sjóðsstreymi liggja ekki fyrir og því hafa áhrif þeirra ekki verið færð í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þegar samþykktar fjárhagsáætlunir framangreindra rekstrareininga liggja fyrir á viðeigandi formi er fyrirhugað að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2023 til 2026. Framlög til samrekstrareininga eru meðtalin í rekstraráætlun sveitarfélags þó svo að viðkomandi eining (hlutdeild) sé ekki innifalin í fjárhagsáætluninni.

3. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Karli Björnssyni f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 16. desember 2022. Í bréfinu er farið yfir samkomulag um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk milli þriggja ráðuneyta og sambandsins. Í bréfinu segir: „Hámarksútsvar sveitarfélaga, sem ákveðið er í 1. mgr. 23. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, sem er nú 14,52%, skal hækkað um 0,22% samhliða lækkun á tekjuskatts um samsvarandi hlutfall í báðum skattþrepum.

Gert er ráð fyrir að hækkun hámarksútsvars skv. 2. mgr. renni í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Hlutfall útsvarstekna vegna málefna fatlaðs fólks sem fer í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skv. 2. tölul. c-lið 8. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga er nú 0,99% og skal hlutfallið því hækka um 0,22% stig samhliða hækkun hámarksútsvars í 1,21%.

Breytingar á hámarksútsvari sveitarfélaga taka gildi fyrir árið 2023 og sveitarfélögum verður heimilað að ákvarða útsvar vegna ársins 2023 eigi síðar en 30. desember 2022 og tilkynna það fjármálaráðuneytinu eigi síðar en þann dag, sbr. 24. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.“

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps samþykkir samhljóða að hækka álagningu útsvars sem þessu nemur og verður álagning útsvars fyrir árið 2023 því 12,66%.

4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2022.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2022. Um er að ræða lækkan á heildarfjárfestingu ársins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka og felur sveitarstjóra að tilkynna hann til viðeigandi aðila.

5. Opnunartími skrifstofu Grímsnes- og Grafningsshrepps milli jóla- og nýárs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að opnunartími skrifstofu sveitarfélagsins 27. – 30. desember 2022 verði frá klukkan 10-12.

6. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Lögð fram til síðari umræðu drög að breytingum á samþykktum um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samþykkt.

7. Klausturhólar L168258; Skilgreining staðfanga.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita óskar eftir staðfestingu sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningsshrepps vegna tillagna Þórleifar Hoffmann Gunnardóttur er varðar ný staðföng innan jarðarinnar Klausturhóla L168258. Skilgreining nýrra lóða innan svæðisins byggir á gildandi deiliskipulag sem tók gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda þann 23.11.2022. Staðföng lóða eru ekki tilgreind með fullnægjandi hætti innan gildandi deiliskipulag og eru því eftirfarandi tillögur að staðföngum lagðar fram til samþykktar í sveitarstjórn.

Lóð A fái staðfangið : Klausturhóll

Lóð D fái staðfangið : Kothóll

Lóð E fái staðfangið : Rauðhóll

Lóð F fái staðfangið : Kerlingarhóll

Staðföngin vísa til kennileita innan jarðarinnar. Aðrar lóðir innan deiliskipulagsins eru með staðfest staðföng.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps gerir ekki athugasemdir við framlögð staðföng lóða og mælist til þess við skipulagsfulltrúa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita að skráning þeirra verði í takt við framlagða beiðni.

8. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem kynnt er óbreytt fasteignamat sumarbústaðar við Finnheiðarveg 15 fyrir 2023.

Lagt fram til kynningar bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dagsett 1. desember 2022 þar sem kynntur er úrskurður þess efnis að fasteignamat Finnheiðarvegar 15 í Grímsnes- og Grafningshreppi skuli standa óbreytt fyrir 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að óska eftir rökstuðningi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun fyrir óbreyttu fasteignamati.

9. Samningur um rekstur umdæmisráðs landsbyggðarinnar.

Fyrir liggja drög að samningi umdæmisráðs barnaverndar á landsvísu og verklagsreglur um framkvæmd umdæmisráðs.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka þátt í umdæmisráði barnaverndar á landsvísu og felur sveitarstjóra að undirrita fyrirbyggjandi samning.

10. Bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002.

Lagt fram til kynningar bréf frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, dagsett 13. desember 2022 varðandi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002.

11. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 324/2022. „Drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs“.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps fagnar því að í drögum að reglugerð um meðhöndlun úrgangs sé tekið fram að nota skuli samræmdar merkingar fyrir úrgangstegundir. Sveitarstjórnin telur að samræmdar merkingar muni að öllum líkindum skila sér í betri flokkun um land allt, því notendur muni þá þekkja betur litina og merkingarnar þrátt fyrir að farið sé á milli sveitarfélaga.

Í drögnum segir í grein 10 um töluleg markmið og viðmiðanir:

„Endurvinnsla heimilisúrgangs skal að lágmarki vera 50%. Þá skal endurvinnsla heimilisúrgangs að lágmarki vera 55% miðað við þyngd árið 2025, að lágmarki 60% árið 2030 og að lágmarki 65% árið 2035. Við útreikning á hlutfalli endurvinnslu skal telja með úrgang sem fór til undirbúnings fyrir endurnotkun.“ Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps leggur til eftirfarandi breytingu á málsgreininni:

„Endurvinnsla heimilisúrgangs frá heimilum/íbúðarhúsnæði skal að lágmarki vera 55% miðað við þyngd árið 2025, að lágmarki 60% árið 2030 og að lágmarki 65% árið 2035. Við útreikning á hlutfalli endurvinnslu skal telja með úrgang sem fór til undirbúnings fyrir endurnotkun.“

Núverandi málsgrein tekur ekki tillit til þeirra sveitarfélaga þar sem frístundahús eru stór hluti af fasteignum. Taka verður tillit til þess að notkun slíkra húsa er ólík notkun íbúðarhúsa, og er þar af leiðandi hætt við því að erfiðara verði að uppfylla töluleg markmið. Rannsóknir sýna að flokkun er best ef hún er innan lóðar viðkomandi fasteignar, en almennt er ekki boðið upp á slíka þjónustu í frístundahúsaahverfum. Þess í stað er stuðst við grenndarstöðvar eða gámasvæði, sem hafa hingað til skilað lakari flokkun heldur en flokkun innan lóðar.

Sveitarstjórn óskar eftir skýringum á því hvernig eigi að fylgja eftir öðrum tölulegum viðmiðum í 10. grein? Til dæmis hvernig á að fylgjast með því hvað er urðað og hvar?

12. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 229/2022, „Grænbók um sveitarstjórnarmál“.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps fagnar því að verið sé að taka saman upplýsingar um stöðu íslenskra sveitarfélaga og farið sé í samstillingu á stefnumótun ríkis og sveitarfélaga með heildarhagsmuni sveitarstjórnarstigsins að leiðarljósi. Jafnframt telur sveitarstjórn jákvætt að í innviðaráðuneytinu sé lögð rík áhersla á samhæfingu stefna og áætlana og að stefnur í málaflokkum ráðuneytisins verði fimm; byggðaaætlun, samgönguáætlun, landsskipulagsstefna, húsnæðisstefna og stefna í sveitarstjórnarmálum. Sveitarstjórn styður þá hugmyndafræði ráðuneytisins að til að ná sem bestum árangri verði stefnurnar settar fram með sameiginlegri framtíðarsýn og meginmarkmiðum þannig að málefni myndi eina heild. Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps gerir athugasemd við að í starfshópnum sem skipaður er til að fjalla um málefni allra sveitarfélaga landsins sé enginn fulltrúi sveitarfélaga með undir 4000 íbúa. Sveitarstjórn skorar á ráðherra að bæta fulltrúa frá minni sveitarfélögum í starfshópinn og tryggja þannig að öll sjónarmið komist að við þessa mikilvægu stefnumótun. Í grænbók um sveitarstjórnarmál segir á blaðsíðu 12:

„Áfram eru uppi vangaveltur um hvort beita eigi markvissari aðgerðum til að þrýsta á sameiningar fámennari sveitarfélaga í önnur fjölmennari sveitarfélög, ekki síst til að auðvelda sveitarfélögum að standa undir lögbundinni þjónustu, væntingum íbúa og fjárhagslegum skuldbindingum sínum til framtíðar.“

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps vill líkt og áður hvetja innviðaráðuneytið og aðra sem koma málefnum sveitarfélaganna að virða sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga sem og lýðræðislegan rétt íbúa til að ákveða sjálfir hvernig best er að haga sveitarfélagaskipan á hverju svæði. Sameining sveitarfélaga getur verið góður valkostur, en meginatriði er að hún verði á grundvelli ákvörðunar íbúanna sjálfra með lýðræðislegum kosningum.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps lýsir jafnframt yfir áhyggjum við notkun á orðinu „búsetufrelsi“ og telur að skilgreina verði orðið betur.

Í grænbókinni segir á blaðsíðu 9: „Ráðherra hefur ákveðið að áætlanir ráðuneytisins verði samhæfðar í þágu búsetufrelsis. Lífsgæði fólks eru ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs, í því búsetuformi sem því hentar og njóti sambærilegra umhverfissgæða, innviða og opinberra þjónustu hvar á landinu sem er. Fjölbreytt íbúðasamsetning, nærþjónusta og grunnkerfi fjölbreyttra samgöngumáta óháð staðsetningu á landinu er því grunnstefið í hugtakinu búsetufrelsi“.

Í grænbókinni á blaðsíðu 44 segir: „Búsetufrelsi – áhersla á sambærilega þjónustu og búsetuskilyrði óháð búsetu.

a. Skilgreina viðmið um grunnþjónustu og búsetuskilyrði og óháð búsetu.

b. Stuðla að umbótum í samræmi við niðurstöður samræmdrar könnunar meðal íbúa um þjónustu og búsetuskilyrði.

c. Styðja við þróun þjónustu í takti við lýðræðilegar breytingar, t.a.m. hækkandi meðalaldur og fjölgun innflytjenda.

d. Leggjast á árárnar með öðrum áætlunum um að ná árangri í að bæta þjónustu og búsetuskilyrði.“

Í ársriti innviðaráðuneytisins fyrir 2021 segir jafnframt: „Öll þau verkefni sem heyra undir innviðaráðuneytið eiga það sameiginlegt að leggja grunninn að búsetufrelsi. Í því felst að þjónusta hins opinbera þarf að vera aðgengileg öllum, hvar sem þeir búa á landinu. Hamingja fólks er ekki síst fólgin í því að það geti búið sér heimili þar sem það helst kýs. Búsetufrelsi ýtir undir fjölbreytileika byggðanna“.

Sveitarstjórn óskar eftir skýringum á því hvað ráðuneytið eigi við með að fólk geti búið sér heimili þar sem það helst kýs og í því búsetuformi sem því hentar? Hér þarf að hafa í huga að skipulagsvaldið er hjá sveitarfélögunum og sveitarstjórnunum. Unnar eru skipulagsáætlanir fyrir hvert sveitarfélag og þar hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetu og búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun í sínum skipulagsáætlunum. Sveitarfélögin fylgja eðlilega fyrirmælum skipulags- og mannvirkjalaga í þeim efnum sem og þeim reglum sem á þeim lögum byggja. Í skipulagslögum er t.d. mælt fyrir um að frístundabyggð og svæði fyrir frístundahús sé byggð sem ekki sé ætluð til fastrar búsetu og tekið er fram í skipulagsreglugerð að föst búseta sé óheimil í frístundabyggðum. Eins segir í lögum um lögheimili að lögheimili skuli skráð í íbúð eða húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands. Það leiðir því af lögum að föst búseta er óheimil í frístundabyggðum og skráning lögheimilis þar sömuleiðis.

Nauðsynlegt er því fyrir ráðuneytið að skýra nánar hvað það eigi við með fyrrgreindri umfjöllun. Ljóst er að samkvæmt gildandi lögum eru takmarkanir á heimildum til fastrar búsetu og lögheimilis í frístundabyggðum og óumdeilt er að löggjafinn hefur svigrúm og heimild til slíkra takmarkana. Vætanlega er ráðuneytið með umfjöllun sinni að vísa til búsetufrelsis innan sveitarfélaga innan þess ramma sem leiðir af gildandi lögum sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Óskað er eftir að ráðuneytið staðfesti þann skilning svo það valdi ekki neinum vafa.

Ef þetta er ekki afstaða ráðuneytisins er ljóst að umfjöllun þess færi þá gegn gildandi skipulags- og mannvirkjalögum auk þess sem það fæli í sér inngrip í skipulagsvald sveitarfélaga, sem er einn af hornsteinum sjálfstjórnarréttar þeirra. Fengist slíkt aldrei staðist.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningsshrepps leggur ríka áherslu á að þegar skoðaðar verða hugmyndir um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga til að eyða gráum svæðum þurfi að hafa viðtækt samráð og gera miklu betur en hefur hingað til verið gert við yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga, sbr. yfirfærsluna á málefnum fatlaðra.

13. Önnur mál.

a) Fundargerð 316. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, 12. desember 2022.

Lögd fram fundargerð 316. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands sem haldinn var 12. desember 2022. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að heimila stjórn að taka þátt í hlutafjárukningu í Orkugerðinni ehf. og felur Ásu Valdísi Árnadóttur oddvita að vera fulltrúi sveitarfélagsins á félagsfundi sem fram fer 4. janúar 2023.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl.: 12:00.

Opnunartími Völu og Grænu könnunnar

Janúar til apríl 2023



Opið mánudaga til laugardaga frá 11 til 16

Mötuneyti opið frá 11:30 til 13:30

Verktakar og vinnufólk athugið!

Mötuneytið á Sólheimum er opið öllum.

Mömmumatur í bland við grænmetis og veganrétti



Tilboð fyrir hópa
Allar upplýsingar í síma 891-7782

Eldri borgarar í Grímsnes- og Grafningshreppi

Samráðshópur um málefni aldraðra í sveitarfélaginu hefur tekið til starfa og fundaði fyrir jólin. Annar fundur hópsins verður nú í byrjun janúar og verður í kjölfarið á honum birt rafræn könnun sem við hvetjum eldri borgara sem búa í sveitarfélaginu til að taka þátt í.

Könnunin verður birt á heimasíðu sveitarfélagsins og á facebook hóp eldri borgara í Grímsnes- og Grafningshreppi. Við hvetjum alla eldri borgara sem eru með lögheimili í sveitarfélaginu að vera meðlimir í þeim hópi ef þeir eiga kost á.

Ef einhverjir óska eftir því að fá könnunina frekar senda í tölvupósti eða á pappírformi, þá má senda tölvupóst á gudrunasa@gogg.is eða hringja á skrifstofu sveitarfélagsins í síma 4805500.

Einnig vil ég vekja athygli á því að ákveðið hefur verið að hafa ræktina opna fyrir eldri borgara á milli kl. 10:00 og 11:00 mánudaga til fimmtudaga og hægt að fara í pottinn eftir það á mánudögum og fimmtudögum til kl. 12:00 þegar lokar vegna hádegishléstarfsmanna.

Bestu kveðjur
Guðrún Ása
Heilsu- og tómstundafulltrúi



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Kæru íbúar,

Ég óska ykkur gleðilegs nýs árs og þakka kærlega gott samstarf á árinu 2022.

Fyrstu mánuðir í starfi hafa verið viðburðarríkir, það hefur verið vel tekið á móti mér hvar sem ég hef komið og fyrir það er ég þakklát.

Fannfergi og mikill kuldi hefur einkennt síðustu vikurnar hjá okkur en öll kerfi sveitarfélagsins hafa staðist álagið og snjómokstur gengið framur vonum. Á meðan veðurguðirnir vilja hafa hlutina svona þá þýðir ekkert annað en anda í kviðinn og klæða sig vel, svo fer að hlýna með vorinu og nú þegar farið að birta af degi.

Í svona tíð þá er góð samvinna og samskipti lykill þess að hlutirnir gangi vel og vonast ég til áframhaldandi góðs samstarfs við ykkur kærar íbúar á nýju ári.

Nýárskveðja, lða Marsibil, sveitarstjóri



ÍPRÓTTAMIDSTÖÐIN BORG

Vetrar-Opnunartími

Frá 21. ágúst

FRÁ 21. ÁGÚST 2022

MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA

14:00 - 21:30

FÖSTUDAGA, LOKAÐ

LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA

10:00 - 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN
Í LAUGINA 20 MÍNÚTUM
FYRIR LOKUN

NETFANG: SUNDLAUG@GOGG.IS
SÍMI 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir

Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng: linda@gogg.is eða gogg@gogg.is